

190. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

20. maí kl. 11:00 á Austurvegi 56.

Mætt: Örn Þórðarson, Jón Hjartarson, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Umhleðsluástaða.

Kynntar framkvæmdir við umhleðslustöð í Árborg. Lögð fram tilboð vegna umhleðslu og þjónustu maí 2010. Tvö tilboð bárust : Hreinsun og flutningar 58 milljónir og GT Verktakar 35 milljónir. Kostnaðaráætlun var uppá 33 milljónir. Framkvæmdarstjóra falið að ganga til samninga við GT Verktaka. Stjórn leggur áherslu á að umgengni og frágangur á svæðinu verði með þeim hætti að ekki hljótist óþægindi af.

2. Metan.

Metan hf. hafa verið kynntar samstarfshugmyndir um nýtingu metans frá Kirkjuferjuháleigu. Samþykkt að leggja fram á aðalfundi SOS í september nk. tillögur um frekara samkomulag við Metan hf.

3. Viðbragðsáætlun.

Viðbragðsáætlun um órofinn rekstur á neyðartímum kynnt og samþykkt.

4. Vistvernd í verki.

Lagt fram bréf frá Landvernd um verkefnið Vistvernd í verki. Stjórn samþykkir að veita 200 þ. kr styrk til verkefnisins.

5. Önnur mál.

Aðalfundur Förgunar 2. júní. Framkvæmdarstjóra falið að fara með atkvæði SOS á aðalfundi Förgunar ehf.

Bréf vegna mögulegra nýrra urðunarstaða. Framkvæmdastjóra falið að senda aðildarsveitarfélögunum bréf eftir sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010.

Aðalfundur SOS er ákveðinn 9. – 10. september 2010

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:00